



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 47/2010

Skráning Ægilegt ehf. á léninu vatnstjon.is

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi VT Þjónustunnar/Vatnstjón ehf. (VTPV) með bréfi, dags. 9. febrúar 2010, þar sem kvartað er yfir skráningu Ægilegs ehf. á léninu vatnstjon.is. Gerir VTPV þá kröfu að Ægilegu verði bönnuð notkun á léninu.

Í erindinu kemur fram að VTPT hafi fyrir nokkrum árum fengið skráð lénið vatntjon.is en nýlega hafi fyrirtækið Ægilegt ehf. fengið skráð lénið vatnstjon.is. Að mati VTPV hafi Ægilegt ehf. með skráningunni ógnað viðskiptahagsmunum og samkeppnisstöðu VTPV, enda ljóst að hinn almenni neytandi geri engan greinarmun á þessum heitum. Hafi skráningin valdið félaginu miklu fjárhagslegu tjóni auk þess að skapa rugling, óvissu og óþægindi hjá viðskiptavinum félagsins. Hafi þeir jafnvel haldið að félagið hafi verið selt eða það hætt starfsemi.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindið var sent Ægilegu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 17. febrúar 2010. Í bréfinu kemur fram það mat stofnunarinnar að ákvæði 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um viðskiptahætti og markaðssetningu gætu komið til álita í málinu. Svar Ægilegs barst Neytendastofu með bréfi, dags. 29. febrúar 2010. Í bréfinu kemur fram að Ægilegt hafi fengið lénið vatnstjon.is skráð þann 15. janúar 2010. Að mati Ægilegs hafi fyrirtækið ekki tekið neitt frá VTPV varðandi lénið. Ægilegt hafi leitað af sér allan grun um að þeir sem væru í þessari þjónustu notuðust við nafnið vatnstjón í nöfnum sínum.

VT þjónustan hafi breytt nafni á fyrirtæki sínu þann 9. febrúar 2010, í VT Þjónustan/Vatnstjón ehf. Ekki sé annað að sjá en að VTPV hafi yfirsést að kenna nafn fyrirtækisins við þá þjónustu sem þeir veita. Í bréfinu er bent á að fyrirtækin starfi ekki í sama landshluta.



Samkvæmt skráningu ISNIC, Internet á Íslandi hf., hafi VTPV rekið heimasíðuna vatntjon.is í 10 ár og verið í lófa lagið að skrá einnig lénið vatnstjon.is á þeim tíma. Að mati Ægilegs sé ekki nokkur hættá á því að skráningin valdið misskilningi þar sem ekki svipi til útfærslu á heimasíðunum. Öllum sem fara inn á þessar heimasíður ætti að vera ljóst að ekki sé um sama fyrirtæki að ræða. Að auki noti VTPV ekki orðin vatnstjón hvorki í skráningu sinni í símaskrá né á reikningum fyrirtækisins. Sé leitað eftir orðinu vatnstjón á leitarsíðunni Google sé heimasíða VTPV ekki fyrsta síða sem upp komi þar heldur vefir tryggingarfélag og fréttasíðna. Því sé ekki að sjá að VTPV hafi notað orðin vatnstjón í markaðssetningu á veraldarvefnum. Þá er því vísað á bug að skráningin hafi valdið VTPV tjóni í ruglingi, óvissu og óþægindum hjá viðskiptavinum félagsins þar sem heimasíða Ægilegs hafi opnað 17. febrúar 2010.

Að mati Ægilegs sé orðið vatnstjón almennt og lýsandi fyrir rekstur og á sú regla við í þessu máli að fyrstur kemur fyrstur fær.

2.

Bréf Ægilegs var sent VTPV til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. mars 2010. Svar VTPV við bréfi Ægilegt barst Neytendastofu með bréfi, dags. 17. mars 2010. Í bréfinu kemur fram að um áratugaskeið hafi félagið VT Þjónustan notað lénið vatntjon.is með tilvísun til heitis félagsins VT, þ.e. vatn og tjón. Að mati VTPV varði málið ekki uppsetningu á heimasíðu heldur heiti á léni sem valdi ruglingi og valdi VTPV tjóni. Einkenni VTPV sé skírskotun til tveggja orða, annars vegar vatns og hins vegar tjóns. Tilvísun Ægilegs sé sú sama og er hjá VTPV. Því sé augljós hættá ruglingi og misskilningi hjá viðskiptavinum. Þá sé ítrekuð sú krafa að Ægilegu verði bönnuð notkun lénsins.

3.

Bréf VTPV var sent Ægilegu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. mars 2010. Neytendastofu barst þann 19. apríl 2010 afrit Ægilegs af skráningu fyrirtækisins á orð- og myndmerkinu Vatnstjón.is sem sótt var um 1. febrúar 2010 og skráning var veitt fyrir 2. mars 2010.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 4. maí 2010, tilkynnti Neytendastofa aðilum málsins að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.



III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar VT Þjónustan/Vatnstjón ehf. (VTPV) yfir skráningu Ægilegs ehf. á léninu vatnstjon.is. Ægilegt fékk skráð lénid vatnstjon.is þann 15. janúar 2010. Að mati VTPV hefur Ægilegt með skráningunni ógnað viðskiptahagsmunum VTPV og skapað ruglingshættu. VTPV telur að Ægilegt hafi með skráningunni hafi skapað rugling, óvissu og óþægindi hjá viðskiptavinum fyrirtækisins.

Ægilegt telur að skráningin hafi ekki verið viðskiptavinum VTPV til ama enda ljóst að ekki er um sömu fyrirtæki að ræða þegar heimasíðurnar eru skoðaðar. Að mati Ægilegs er orðið vatnstjón almennt og lýsandi fyrir rekstur og á eigi sú regla við í þessu máli að fyrstur kemur fyrstur fær. Þá er bent á að fyrirtækin starfi ekki í sama landshluta.

2.

Í erindi VTPV er ekki vísað til ákvæða laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Að mati Neytendastofu koma 5. og 15. gr. a. laganna til álita í málinu. Í 5. gr. laganna er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 15. gr. a. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glögg sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara



auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Báðir málsaðila hafa skrá auðkenni sín með þar til bærum hætti. Ægilegt hefur skráð lénið vatnstjon.is hjá ISNIC 15. janúar 2010 og orð- og myndmerkið vatnstjon.is sem vörumerki hjá Einkaleyfastofu og gildir sú skráning frá umsóknardegi 1. febrúar 2010. VTPV hefur skráð lénið vatntjon.is hjá ISNIC 14. janúar 2000. Einnig breytti VTPV nafni fyrirtækis úr VT Þjónustan í VT Þjónustan/Vatnstjón þann 9. febrúar 2010. Að mati Neytendastofu eiga því báðir málsaðilar rétt til auðkenna sinna og því á 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu við í máli þessu.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort fyrirtækin séu í samkeppni og hvort þau séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður.

Ef lén eða heiti er einungis lýsandi fyrir starfsemi sem viðkomandi hefur á boðstólnum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk lén eða heiti til kynningar á starfsemi sinni. Er það mat Neytendastofu að orðið vatnstjón sé lýsandi fyrir starfsemi beggja aðila og er því ekki nægilega sérkennandi til þess að einn aðila geti notið einkaréttar á orðinu.

Að mati Neytendastofu er skráning Ægilegs ehf. á léninu vatnstjon.is ekki brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 og því ekki ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 17. september 2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Pórunn Anna Árnadóttir